LANDSPÍTALI

Blöðruþrýstingsmæling hjá barni

Blöðruþrýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðrunnar. Rannsóknin tekur 90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Skilyrði fyrir rannsókn

- Að barn sé ekki með þvagfærasýkingu því þá er ekki hægt að gera rannsóknina. Taka þarf þvagsýni hjá barni 10-12 dögum fyrir blöðruþrýstingsmælingu. Sýnatökuglas fæst í apótekum. Innköllunarstjóri veitir nánari upplýsingar um sýnatöku.
- Að barn sé ekki með niðurgang þegar rannsókn er framkvæmd. Láta þarf deildina vita ef svo er til að hægt sé að bóka nýjan tíma.
- Að barn hafi losað hægðir kvöldið fyrir rannsókn. Gefið er hægðalyfið Microlax í endaþarm ef þörf er á og veitir hjúkrunarfræðingur á barnadeild frekari upplýsingar við innköllun.
- Að búið sé að fylla út vökva- og þvaglátaskrá.

Fylla þarf út og koma með meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá

- Þvag er mælt í mælikönnu.
- Ef þvagblaðran er tæmd með þvaglegg, er skráður tími og magn þvags í hvert sinn sem það er gert.
- Ef barn notar bleyju er hún vigtuð fyrir og eftir skiptingu.

Framkvæmd rannsóknar

Barn má horfa á afþreyingarefni meðan á rannsókn stendur. Þvegið er í kringum þvagrásarop og þvagrásin staðdeyfð með kremi. Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina inn í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaþarm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna og tveir plástrar við endaþarmsop sem mæla vöðvasamdrátt.

Eftir rannsókn

Sumir finna fyrir óþægindum við þvaglát fyrst á eftir og því þarf að gæta þess að barnið drekki vel eftir rannsóknina því það getur dregið úr óþægindum. Einkennin ættu þó ekki að vara lengur en 24 klukkustundir.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími 543 7100.

Velkomið er að hafa samband á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI - MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-0605 ÁBYRGÐARMENN: YFIRLÆKNIR ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRI 11A HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA

Sjúklingafræðsla | Júní 2025 www.landspitali.is

© Landspítali. Leyfilegt er að afrita og nota efnið óbreytt, sé heimildar getið.